

258. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 6. febrúar 2023 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnáslu- og fjármálasviðs, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, Guðný Jóna Ólafsdóttir verkefnastjóri, Anna Heiðrún Jónsdóttir fulltrúi, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri.

Fundargerð ritaði: Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2301290 - Grundaskóli C álma - útboð á framkvæmd

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri fer yfir tilboð í framkvæmd við C-álmu Grundaskóla.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Sjammi ehf. 1.387.139.588 kr.

E. Sigurðsson ehf. 1.591.483.853 kr.

Kostnaðaráætlun 1.213.003.982 kr.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að samið verði við lágstbjóðanda og felur verkefnastjóra að vinna málið áfram.

2. 2209027 - Betra Ísland

Reglur um rafræna kosningu vegna Okkar Akraness lagðar fram til samþykktar.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirliggjandi reglur um rafræna kosningu vegna Okkar Akraness og felur þeim Valdísi Eyjólfsdóttur, Sigrúnu Ágústu Helgudóttur og Önnu Þóru Gísladóttur, verkefnastjórum og Jóni Arnari Sverrissyni garðyrkjustjóra, að vinna áfram með verkefnið Okkar Akranes.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar Önnu Þóru og Jóni Arnari fyrir góða kynningu.

3. 2209221 - Endurskipulagning Vinnuskólans

Kynning á drögum að endurskipulagi Vinnuskólans

Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri kynnti drög að endurskipulagningu vinnuskólans.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar Jóni Arnari fyrir góða kynningu.

4. 2210098 - Beitarhólf og slægjustykki

Endurskoðun reglna um slægjustykki.

Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri kynnti endurskoðaðar reglur um slægjustykki.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð/bæjarstjórn að endurskoðaðar reglur verði samþykktar.

Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri, vék af fundi eftir þennan dagskrárlið.

5. 2212127 - Jörundarholt 15 - umsókn um Byggingarheimild umfangsflokkur 1

Umsókn um byggingarleyfi fyrir lóð Jörundarholti 15, lóðin er á ódeilskipulögðu svæði. Sótt er um tengibyggingu milli einbýlishús og bílskúrs við Jörundarholt 15 stækkun uppá 7,1 m².

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að byggingarleyfið verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum Jörundarholti 13,11,17.

6. 2301291 - Húsnæðismál Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Minnisblað vegna húsnæðismála Slökkviliðs AKraness og Hvalfjarðarsveitar.

Jens Heiðar Ragnarsson slökkviliðsstjóri fór yfir minnisblað um húsnæðimál slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Kynntar voru þrjár tillögur:

- viðbyggingu framan við núverandi húsnæði
- viðbyggingu aftan við núverandi húsnæði
- byggingu sameiginlegs húsnæðis með sambærilegum aðilum

Skipulags- og umhverfissráð felur slökkviliðsstjóra að vinna málið áfram.

Jens Heiðar Ragnarsson, vék af fundi eftir þennan dagskrárlið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Guðn Zeyla Guðjónsdóttir
Ragnar Semundsson
Valgautur G. Jónsson